

28. ágúst, 2020

Umsögn: Breyting á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði


Samtökin '78 - Félag hinsegins fólks á Íslandi fagnar öllum breytingum á lögum er stuðla að auknum réttindum hinsegins fólks og sýnileika þess. Frumvarpið felur í raun aðeins í sér lagfæringar á lögum er tengjast kynrænu sjálfræði á einn eða annan hátt og því nauðsynlegt til að framfylgja þeim að fullu.

Að mestu eru þetta lítilsháttar orðalagsbreytingar en fyrir hinsegins samfélagið og hinsegins einstaklinga er skrefið stórt, og því ber að fagna.

Öll eigung við rétt á því að standa jafnfætis gagnvart lögum og reglum þess samfélags sem við búum í. Kynrænt sjálfræði var og er ákveðin undirstaða, sérstaklega fyrir trans og intersex fólk, og nauðsynlegt að hlúa að þeim lögum og nota þau í réttum tilgangi.

Að lokum vilja Samtökin '78 þakka ráðuneytinu fyrir alla þá vinnu sem starfsfólk þess hefur unnið á undanförnum mánuðum. Einnig þökkum við fyrir gott samráð og vandaða stjórnsýslu. Við óskum ráðuneytinu góðs gengis á næstu vikum og hlökkum til að sjá málið lagt fyrir Alþingi Íslendinga.

Fyrir hönd Samtakanna '78:



Daniel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri



Þórbjörn Þorvaldsdóttir, formaður